



Fréttabréf Brekkuskóla

29. ágúst 2008
1. tbl. skólaárið 2008 - 2009
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Kæru nemendur, foreldrar og forráðamenn

Þá er enn komið að skólabyrjun og því langar mig að bjóða ykkur öll velkomin til starfa á ný.

Eins og ykkur er eflaust kunnugt þá hef ég tekið til starfa sem skólastjóri Brekkuskóla. Ég geng til þess starfs með mikilli tilhlökkun og gleði, spennt að verða partur af þessu skólasamfélagi og að fá tækifæri til þess að setja mark mitt á það.

Góður skóli þar sem vellíðan nemenda, góður námsárangur og fagleg vinnubrögð eru aðal - atriðið verður ekki til nema því aðeins að allir þeir sem að skólasamfélaginu koma taki höndum saman og vinni sem heild. Jákvætt og traust samstarf heimila og skóla er hér stór þáttur. Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir og virkir þátttakendur í skólalífinu og geri sér grein fyrir mikilvægi sínu varðandi skólagöngu barna sinna, ég vænti mikils af samstarfi við ykkur á komandi árum. Þá er vissulega einnig lykilatriði að nemendur temji sér góðan náms- og vinnuaga og á meðal starfsmanna ríki faglegur metnaður.



Mig langar að lokum að óska okkur öllum ánægjulegs og árangursríks skólaárs, megi það verða okkur öllum til heilla.

Bestu kveðjur

Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri
johannam@akureyri.is

Frá Foreldrafélagi Brekkuskóla:

Handbók fyrir foreldrafulltrúa bekkja var afhent í viðtölum nú að hausti og er það von Foreldrafélagsins að foreldrar gefi sér tíma til að lesa hana og kynna sér hlutverk foreldrafulltrúa bekkja. Á kynningar- og fræðslufundum í september hafa umsjónarkennarar verið beðnir um að leita eftir foreldrafulltrúum bekkja fyrir skólaárið 2008–2009 eins og áður hefur verið gert. Handbókin var ljósrituð en hana má einnig nálgast á nýrri vefsíðu skólans innan skamms og prenta hana þar út í lit.



Meðal efnis í handbókinni eru upplýsingar um stjórn Foreldrafélagsins, Starfsreglur fyrir foreldrafulltrúa bekkja, hugmyndir að verkefnum fyrir foreldrastarf og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar sem tengjast samstarfi Heimilis og skóla.

Framundan...

27. ágúst
Fyrsti kennsludagur samkvæmt stundaskrá

16. september
Kynningar- og fræðslufundur fyrir foreldra í 1. bekk

17. september
Kynningar- og fræðslufundur fyrir foreldra í 2.- 3. bekk

18. september
Kynningar- og fræðslufundur fyrir foreldra í 4.- 5. bekk

22. september
Kynningar- og fræðslufundur fyrir foreldra í 6.- 7. bekk

24. september
Kynningar- og fræðslufundur fyrir foreldra í 8.- 10. bekk

26. september
Starfsdagur kennara - Fri hjá nemendum



Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brek.akureyri.is
brekkuskoli@akureyri.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Hópefli

Stefna Brekkuskóla er að endurraða í bekk í að öllu jöfnu eftir 4. og 7. bekk. Þetta skólaár var ákveðið að endurraða eingöngu 4. bekk fyrir næsta skólaár þar sem 7. bekk var stokkað upp í fyrra vegna breytinga á nemendafjölda árgangsins. Sama má segja um 10. bekk, en nemendafjöldi var kominn niður í 49 og ekki lengur grundvöllur til að hafa þau í þremur bekkjum. Reynslan hefur sýnt að uppstokkun er nemendum oftast til góðs og stuðlar gjarnan að nýjum samskiptum og samskiptamynstri.

Í ár viljum við koma að þessari endurröðun með öðrum hætti en verið hefur.

Í byrjun maí fóru nýju bekkirnir, foreldrnir og kennararnir í hópefli ásamt þeim Arnóri B. Vilbergssyni tónmenntakennara og Guðjóni Davíð Karlssyni (Góa) leikara. Í hópefli gafst nemendum og foreldrum tækifæri til að kynnst og nemendum þjappað betur saman fyrir sumarið og þetta skólaár sem nú fer í hönd. Ekki má gleyma að minnst á ferð 4. bekkja að Kiðagili sem var einstakur vettvangur til að efla gömul tengsl og mynda ný.

10. bekkjunum var endurraðað í bekk nú í ágústbyrjun og hafa þau nú í fyrstu viku skólaársins verið í hópefli í Hrísey þar sem þau gistu eina nótt, fóru í skoðunarferð, veiðiferð og fleira.

Stella Gústafsdóttir deildarstjóri hefur staðið fyrir þeirri nýbreytni að hrissta nemendur saman að vori og væntum við þess að verkefnið gefist vel í framtíðinni. Við teljum að uppstokkunin skapi síður óöryggi meðal nemenda og foreldra ef það er stutt með þessum hætti. Með verkefninu fá nemendur og foreldrar tækifæri til að aðlagast breyttum námshópum. Þau fara inn í sumarið vitandi hverjir verða með þeim í bekk og hvaða kennari tekur við þeim að hausti. Þökk sé góðu undirbúningsstarfi.



Arnór og Gói stjórnuðu söng og leikjum af sinni alkunnu snilld

Þetta skólaár fá 2. bekkingar nýtt teymi kennara og kennsluskipulag breytist um leið. Svipuð vinna fór fram með þeim í vor og með 4. bekk, en þá voru dagarnir nýttir til aðlögunar eftir því sem kostur var. Foreldrar fengu kynningarfund og nemendur og foreldrar fengu tækifæri til að hitta nýja kennara.

Í vetur munum við undirbúa komu 5 ára nemenda í skólann eins og áður. 5 ára nemendur í samstarfsleikskólunum þremur, Naustatjörn, Pálmholti og Hólmasól, hafa komið í þrjár heimsóknir á vorönn en fá þar að auki tilboð um vorskóla tvo daga í maí. Í leiðinni kynnum við foreldrum almennan hluta skólastarfsins sem snýr að samskiptum og samvinnu við heimilin um nám barnanna. Yfirumsjón með samstarfi við leikskólana er í höndum aðstoðarskóllastjóra.



Tvær þreyttar eftir hópefliferð í Hrísey í vikunni

**Foreldrar og nemendur
MUNIÐ !
að merkja allan fatnað og aðrar
verðmætar eigur svo við getum
komið þeim til skila til ykkar
Skólaliðar**

Sérkennarar skólans eru: Helga Sigurðardóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir, Margrét Þóra Einarsdóttir og Rut Indriðadóttir.

Myndmenntakennarar: Halla Jóhannesdóttir yngri nemendur og Jóhannes Rademaker eldri nemendur

Íþróttakennarar: Birna Baldursdóttir, Ingibjörg Ólöf Isaksen, Kári Ellertsson, Jóhannes Gunnar Bjarnason og Sævar Árnason.

Handmenntakennarar: Ágústa Karlsdóttir og Erla Rán Kjartansdóttir

Smíðakennari: Jóhann Karl Sigurðsson

Heimilisfræðikennari: Anna Guðný Sigurgeirsdóttir

Upplýsingatæknikennarar: Sigríður Margrét Hlökkversdóttir og Árni Jón Erlandsson. Einnig sjá nokkrir umsjónarkennarar bekkja um upplýsingatæknikennslu í sínum bekkjum.



Ný vefsíða

Ný vefsíða Brekkuskóla verður tekin í notkun í septembermánuði. Fréttir á núverandi síðu eru uppfærðar reglulega en ekki annað efni nema nauðsyn beri til. Núverandi vefsíða skólans er www.brek.akureyri.is

Leikjahandbók Brekkuskóla

Íþróttakennarar skólans hafa undanfarin ár unnið að leikjahandbók fyrir skólann. Bókin hefur þegar verið tekin í notkun meðal íþróttakennara og mun annað starfsfólk skólans fá kynningu og leiðbeiningar um notkun hennar á næstu dögum.

Bókin er hugsuð til stuðnings við kennslu og frjálsan tíma nemenda á skólalóð. Starfsfólk mun hvetja nemendur til leikja á skólalóð með stuðningi bókarinnar.

Vonumst við til að framtíð eigi eftir að falla í góðan jarðveg.



Umsjónakennarar nemenda næsta skólaárs eru sem hér segir:

1. bekkur: Sigrún Héðinsdóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir, Halla Jóhannesdóttir og Lilja Þorkelsdóttir.
2. bekkur: Erla Rán Kjartansdóttir, Pollý Rósa Brynjólfssdóttir og Erna Jónsdóttir.
3. bekkur: Sigríður Magnúsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir og Inga Lilja Ólafsdóttir.
4. bekkur: Oddný Snorradóttir og Sigurlína Jónsdóttir.
5. bekkur: Auður Eypórsdóttir, Árpóra Ágústssdóttir og Arna Heiðmar Guðmundsdóttir.
6. bekkur: Helena Sigurðardóttir, Þorgerður Guðmundsdóttir og Þorvaldur Gröndal.
7. bekkur: Karen Ingimarsdóttir, Garðar Þorsteinsson.
8. bekkur: Snorri Óskarsson og Hanna Dóra Markúsdóttir
9. bekkur: Björn Sverrisson, Guðný Anna Ríkharðsdóttir og Sævar Árnason
10. bekkur: Svanhildur Sæmundsdóttir og Sigríður G. Pálmadóttir

Fjöldi nemenda í Brekkuskóla er
549 nemendur
262 drengir og 287 stúlkur.
Fjöldi starfsmanna eru **72** talsins í
mismunandi starfshlutföllum.

Mikilvægar vefsíður

Vefsíða skólans www.brek.akureyri.is

Vefsíða skólamötuneytis og Frístundar - matseðlar og pantanir
www.matartorg.is Lykilorð fæst hjá ritara skólans.

Nemendaumsjónarkerfið Mentor. Upplýsingar um námið og aðgangur að upplýsingum um barnið þitt. www.mentor.is Lykilorð hjá ritara skólans.



Skólabíllinn

Tímatafla í skóla

Brekkuskóli – Naustahverfi

Krókeyrnöf/Naustabraut 07:33
Stekkjartún 07:35
Stallatún / Lækjartún 07:36
Vallartún / Mýrartún
Kjarnagata /
Hjallatún / Hamratún 07:45
Laugargata / Brekkuskóli 07:50

Brekkuskóli – Innbær

Hafnastræti / Glerhúsið 07:35
Aðalstræti / Brynja 07:36
Aðalstræti / Duggufjara 07:38
Aðalstræti / Naustafjara 07:41
Laugargata / Brekkuskóli 07:50

Tímatafla úr skóla

Brekkuskóli – Naustahverfi

Brekkuskóli mið, fim og fös 13:00
Brekkuskóli mán-fös 13:35
Brekkuskóli mán, þri og fim 14:00
Brekkuskóli mán-fös 14:35

Brekkuskóli – Innbær

Brekkuskóli mið, fim og fös 13:00
Brekkuskóli mán-fös 13:35
Brekkuskóli mán, þri og fim 14:00
Brekkuskóli mán-fös 14:35

MUNIÐ HAFRAGRAUTINN ALLA MORGNA!

Hafragrautur er borinn fram í matsal Brekkuskóla alla skóladaga kl.07:45—07:58

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir